

# EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi  
Evrópusambandsins

**Nr. 45**

10. árgangur

11.9.2003

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>EES-ráðið</b>	
	2.	<b>Sameiginlega EES-nefndin</b>	
	3.	<b>Sameiginlega EES-þingmannanefndin</b>	
	4.	<b>Ráðgjafarnefnd EES</b>	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>Fastanefnd EFTA-ríkjanna</b>	
	2.	<b>Eftirlitsstofnun EFTA</b>	
<b>2003/EES/45/01</b>		Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem beint er til annarra EFTA-ríkja, aðildarríkja ESB og hagsmunaaðila og varðar áformaða ríkisaðstoð sem er fölginn í mismunandi almannatryggingagjaldi eftir héruðum og beinum flutningsstyrkjum (ríkisaðstoð SAM 030.95010) .....	<b>1</b>
<b>2003/EES/45/02</b>		Tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 19. júní 2003 um samræmda áætlun um opinbert matvælaeftirlit árið 2003 (ákv. 98/03/COL) .....	<b>12</b>
<b>2003/EES/45/03</b>		Tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 19. júní 2003 um samræmda eftirlitsáætlun fyrir árið 2003 sem er ætlað að tryggja að virt séu gildi fyrir hámarks magn varnaefnaleifa í og á korni og tilteknum öðrum fæðutegundum úr jurtaríkinu (ákv. 97/03/COL) .....	<b>18</b>
	3.	<b>EFTA-dómstóllinn</b>	
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>Ráðið</b>	
	2.	<b>Framkvæmdastjórnin</b>	
<b>2003/EES/45/04</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3191 – Philip Morris/Papastratos) .....	<b>21</b>
<b>2003/EES/45/05</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3241 – Arla/Nordzucker/JV) .....	<b>22</b>

2003/EES/45/06	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3269 – Phoenix/Tamro) . . . . .	23
2003/EES/45/07	Heimildir til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 87. og 88. gr. EB-sáttmálans – Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki . . . . .	24
2003/EES/45/08	Heimildir til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 87. og 88. gr. EB-sáttmálans – Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki . . . . .	27
2003/EES/45/09	Upplýsingar aðildarríkjanna um ríkisaðstoð sem veitt er samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar . . . . .	28
2003/EES/45/10	Upplýsingar aðildarríkjanna um ríkisaðstoð sem veitt er samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum . . . . .	29
2003/EES/45/11	Breytingar franskra stjórnvalda á skyldum um opinbera þjónustu í áætlunarflugi í Frakklandi . . . . .	30
2003/EES/45/12	Breytingar franskra stjórnvalda á skyldum um opinbera þjónustu í áætlunarflugi í Frakklandi . . . . .	30
2003/EES/45/13	Breytingar franskra stjórnvalda á skyldum um opinbera þjónustu í áætlunarflugi í Frakklandi . . . . .	30
2003/EES/45/14	Breytingar franskra stjórnvalda á skyldum um opinbera þjónustu í áætlunarflugi í Frakklandi . . . . .	30
2003/EES/45/15	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar innan ramma framkvæmdar á tilskipun ráðsins 96/48/EB . . . . .	31
2003/EES/45/16	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar innan ramma framkvæmdar á tilskipun ráðsins 90/396/EB frá 29. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tæki sem brenna gasi . . . . .	33
2003/EES/45/17	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar innan ramma framkvæmdar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/25/EB frá 16. júní 1994 um skemmtibáta . . . . .	34
2003/EES/45/18	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir . . . . .	35

**3. Dómstóllinn**

# EFTA-STOFNANIR

## EFITIRLITSSTOFNUN EFTA

**RÍKISAÐSTOÐ**  
**(SAM 030.95010 – Noregur)**

**2003/EES/45/01**

Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem beint er til annarra EFTA-ríkja, aðildarríkja ESB og hagsmunaaðila og varðar áformaða ríkisaðstoð sem er fölginn í mismunandi almannatryggingagjaldi eftir héruðum og beinum flutningsstyrkjum (ríkisaðstoð SAM 030.95010)

Með ákvörðun 141/03/COL frá 16. júlí 2003 hóf Eftirlitsstofnun EFTA málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Norskum stjórnvöldum hefur verið send tilkynning um þetta ásamt afriti af ákvörðuninni.

\*\*\*\*\*

### I. MÁLSATVIK

#### 1. TILKYNNINGAR

Sendiráð Noregs gagnvart Evrópusambandinu framsendi í bréfi frá 26. mars 2003 (skjalnr. 03-1846 A) bréf frá viðskipta- og iðnaðarráðuneytinu frá 25. mars 2003, bréf frá fjármálaráðuneytinu frá 25. mars 2003 og bréf frá sveitarstjórna- og héraðsþróunarráðuneytinu frá 25. mars 2003. Öll þessi bréf bárust eftirlitsstofnuninni og voru skráð 26. mars 2003. Í bréfinu var að finna tilkynningu um aðlögunartíma vegna mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum á tilteknum svæðum (svæðum 3 og 4) og nýtt kerfi beinna flutningsstyrkja innanlands. Norðmenn gáfu einnig til kynna að þeir myndu tilkynna síðar, í sérstöku bréfi, um framhald núverandi kerfis á svæði 5 (Norður-Troms og Finnmörku). Jafnframt kom fram að norsk stjórnvöld hefðu hafði viðræður við önnur EFTA-ríki í því skyni að ná samkomulagi í samræmi við 3. undirgrein 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól um áframhaldandi rekstur núverandi kerfis á því svæði.

Sendiráð Noregs gagnvart Evrópusambandinu framsendi í bréfi frá 15. apríl 2003 (skjalnr. 03-2467 A) bréf frá viðskipta- og iðnaðarráðuneytinu frá 10. apríl 2003 og bréf frá fjármálaráðuneytinu frá 10. apríl 2003. Öll þessi bréf bárust eftirlitsstofnuninni og voru skráð 16. apríl 2003. Í bréfinu var að finna tilkynningu um framhald mismunandi almannatryggingagjalds í Norður-Troms og Finnmörku (svæði 5) án nokkurra tímamarka.

Eftirlitsstofnunin staðfesti í bréfi frá 16. maí 2003 (skjalnr. 03-2951 D) að hún hefði mótttekið ofangreind bréf og óskaði frekari upplýsinga. Skrifstofa samkeppismála og ríkisaðstoðar taldi einnig vafa leika á að þessi aðstoðarkerfi samrýmdust Evrópulöggjöf.

Sendiráð Noregs gagnvart Evrópusambandinu framsendi í bréfi frá 10. júní 2003 (skjalnr. 03-3707 A) bréf frá fjármálaráðuneytinu frá 5. júní 2003. Bæði bréfin bárust eftirlitsstofnuninni og voru skráð 11. júní 2003. Bréfið hafði að geyma frekari athugasemdir og upplýsingar.

Sendiráð Noregs gagnvart Evrópusambandinu framsendi í bréfi frá 19. júní 2003 (skjalnr. 03-3976 A) bréf frá viðskipta- og iðnaðarráðuneytinu frá 10. júní 2003. Bæði bréfin bárust eftirlitsstofnuninni og voru skráð 20. júní 2003. Bréfið hafði að geyma yfirlit um aukinn flutningskostnað á svæðinu þar sem til stendur að veita flutningsstyrki <sup>(1)</sup>.

<sup>(1)</sup> Intervju av industribedrifter i aktuelle transportstøttesoner og i referansesoner. Transportøkonomisk institutt. Arbeidsdokument av 04.06.2003.

Í bréfi frá sendiherra Norðmanna hjá Evrópusambandinu frá 4. júlí 2003 (skjalnr. 03-4403 A) afturkölluðu Norðmenn tilkynningu um framhald mismunandi almannatryggingagjalds á svæði 5 í framhaldi af ákvörðun fastanefndar EFTA-rikkanna frá 1. júlí 2003 (nr. 2/2003/SC). Samkvæmt ákvörðun fastanefndarinnar valda óvenjulegar aðstæður á svæði 5 því að núverandi kerfi telst samrýmanlegt framkvæmd EES-samningsins.

## 2. Aðdragandi

Hinn 22. september 1999 samþykkti eftirlitsstofnunin tillögu Norðmanna að nýjum reglum um mismunandi almannatryggingagjald eftir héruðum <sup>(2)</sup>. Samþykkið var tímabundið og gildi aðeins til 31. desember 2003.

Hinn 21. desember 2000 ákvað framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að samþykkja ekki styrkjakerfi sem Svíar höfðu tilkynnt og fól í sér afslátt af almannatryggingagjaldi <sup>(3)</sup>. Í ákvörðuninni stendur: „*Fjárhæðirnar, sem greiddar eru fyrirtæki sem á rétt á styrk samkvæmt kerfinu, eru ekki í nokkru samræmi við raunverulegan aukinn flutningskostnað fyrirtækisins. Styrkurinn ræðst af launakostnaði fyrirtækisins, en hann ræðst aftur af fjölda starfsmanna og meðallaunum þeirra. Því er vart unnt að halda því fram að styrkfjárhæðin sé 'ákveðin fyrirfram á hlutlægan hátt á grundvelli hlutfallslegs styrks á ekinn kílómetra eða hlutfallslegs styrks á kílómetra og þyngdareiningu'. Af þessu leiðir einnig að ekki er unnt að útiloka að styrkurinn sé hærri en sem nemur auknum flutningskostnaði fyrirtækja, a.m.k. í sumum tilvikum“.*

Í ákvörðuninni frá 21. desember 2000 er einnig bent á að Norðmenn hafi í bréfi frá 27. júlí 2000 komið á framfæri athugasemdum við ákvörðun um að hefja formlega rannsókn og að norsk stjórnvöld hafi staðfest að í Noregi sé starfrækt svipað styrkjakerfi og í Svíþjóð.

Svíum var tilkynnt ákvörðun um að hefja formlega rannsókn í bréfi frá 4. apríl 2000. Ákvörðunin um að hefja formlega rannsókn var birt 1. júlí 2000 <sup>(4)</sup>. Endanleg ákvörðun um að synja um samþykki var birt 14. september 2001 (sjá 3. nmgr.).

Með hliðsjón af ákvörðuninni sem sneri að Svíum var norska kerfið rætt eftir þetta á allmörgum fundum norskra stjórnvalda og eftirlitsstofnunarinnar, sem og fundum eftirlitsstofnunarinnar og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Í bréfi frá 29. nóvember 2001 (skjalnr. 01-9557 D) sendi eftirlitsstofnunin norskum stjórnvöldum m.a. upplýsingar um að stofnunin myndi hefja athugun á norska kerfinu með það fyrir augum að leggja fram tillögu um viðeigandi ráðstafanir í því skyni að jafna samkeppniskilyrði á landsvæðinu sem EES-samningurinn nær til.

Eftirlitsstofnunin hóf formlega athugun á norska kerfinu með bréfi til norskra stjórnvalda frá 4. júní 2002 (skjalnr. 02-4189 D). Í bréfinu kom fram það bráðabirgðaálit eftirlitsstofnunarinnar að óvíst væri hvort hið norska kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum samrýmdist lengur EES-samningnum.

Í ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar frá 25. september 2002 <sup>(5)</sup> um viðeigandi ráðstafanir kom fram sú niðurstaða að núverandi kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum gæti ekki fallið undir undanþáguna sem kveðið er á um í c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Styrkir, sem veittir eru samkvæmt þessu kerfi, eru ekki í nokkru samræmi við þann aukna flutningskostnað sem einstök fyrirtæki þurfa að bera og eru ekki reiknaðir í samræmi við ákvæði XI. viðauka við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð. Í úrskurðarorðum ákvörðunarinnar segir meðal annars:

1. „*Eftirlitsstofnun EFTA leggur til að norsk stjórnvöld geri eftirfarandi viðeigandi ráðstafanir á grundvelli 1. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól í tengslum við þá ríkisaðstoð sem er fölgin í mismunandi almannatryggingagjaldi eftir héruðum („geografísk differensiert arbeidsgiveravgift“):*

<sup>(2)</sup> Ákvörðun nr. 228/99/COL. Stjtið. EB C3, 6.1.2000, bls. 3 og EES-viðbætur nr. 1, 6.1.2000.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 244, 14.9.2001, bls. 32.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB C 184, 1.7.2000, bls. 10.

<sup>(5)</sup> Ákvörðun nr. 172/02/COL.

- a) *Norsk stjórnvöld skulu gera hverjar þær ráðstafanir á sviði lagasetningar, stjórnýsly eða aföðru tagi sem eru nauðsynlegar til að afnema ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins sem fólgin er í mismunandi almannatryggingagjaldi eftir héruðum eða til að breyta þeirri aðstoð þannig að hún samrýmist 61. gr. EES-samningsins.*
- b) *Norsk stjórnvöld skulu afnema alla slíka aðstoð eða breyta henni þannig að hún samrýmist samningnum fyrir 1. janúar 2004 nema eftirlitsstofnunin fallist á aðra dagsetningu, enda telji hún það nauðsynlegt og réttlætanlegt til að gera fyrirtækjum, sem eiga hlut að máli, kleift að laga sig að breyttum aðstæðum.*
- c) *Norsk stjórnvöld skulu tilkynna eftirlitsstofnuninni ráðstafanir sem gerðar eru til að breyta styrkjakerfinu jafnskjótt og auðið er en ekki síðar en 25. mars 2003.*
2. *Eftirlitsstofnunin mælist til þess að norsk stjórnvöld tilkynni skriflega áður en mánuður er liðinn frá því að þau fá tillögur þessar um viðeigandi ráðstafanir í hendur að þau samþykki tillögurnar óbreyttar í samræmi við 1. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.“*

Í bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu frá 29. október 2002, sem barst og var skráð hjá eftirlitsstofnuninni 31. október 2002 (skjalnr. 02-7855 A), samþykktu norsk stjórnvöld tillöguna um viðeigandi ráðstafanir.

### 3. LÝSING Á RÁÐSTÖFUNUNUM SEM LAGÐAR ERU TIL

#### 3.1 Tilkynning um aðlögunartíma á svæðum 3 og 4

Noregi er skipt í fimm svæði með mismunandi almannatryggingagjaldi. Hæsta gjaldið, 14,1 %, er greitt á svæði 1 sem nær til um 75 % landsmanna. Á svæði 5 (Norður-Troms og Finnmark), sem þekur nyrsta hluta landsins, er ekkert gjald greitt. Yfirlit um landsvæði og gjaldhlutföll er að finna í 1. viðauka við ákvörðunina frá 25. september 2002 (ákv. nr. 172/02/COL).

Í bréfi fjármálaráðuneytisins frá 25. mars 2003 tilkynntu norsk stjórnvöld aðlögunartilhögun fyrir svæði 3 og 4 og lögðu fram eftirfarandi töflu sem sýnir hvernig almannatryggingagjaldið á að hækka:

1. tafla <sup>(6)</sup>

	Núverandi gjald	Gjald árið 2004	Gjald árið 2005	Gjald árið 2006	Gjald árið 2007
Svæði 1	14,1	14,1	14,1	14,1	14,1
Svæði 2	10,6	14,1	14,1	14,1	14,1
Svæði 3	6,4	8,3	10,2	12,1	14,1
Svæði 4	5,1	7,3	9,5	11,7	14,1

Hærra gjald á svæðum 2, 3 og 4 frá og með árinu 2004 gildir aðeins um aðstoð umfram frímark leyfilegra ríkisstyrkja (de minimis).

Tillagan felur í sér þriggja ára aðlögunartíma fyrir svæði 3 og 4 allt þar til óskertu gjaldi er náð árið 2007.

Rök norskra stjórnvalda fyrir aðlögun af þessu tagi eru í fyrsta lagi að þau telja framvindu málsins hafa verið með þeim hætti að ekki hafi borist „skýr skilaboð“ um að afnema yrði kerfið sem slíkt fyrr en síðla hausts 2002. Þau taka fram að ekki hafi þótt ráðlegt með tilliti til atvinnuveganna og af stjórn málaástandum að láta fyrirtæki laga sig að nýjum aðstæðum með sama gjaldi alstaðar (umfram frímarkið) áður en fyrir lægi hvernig nýja kerfið yrði. Í þessu tilliti vísa norsk stjórnvöld til óformlegra viðræðna sem áttu sér stað í kjölfar ákvörðunar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um hið sænska kerfi lækkaðs almannatryggingagjalds.

<sup>(6)</sup> Fjallað er um tilkynningu um svæði 5, þar sem ekkert gjald er greitt, í lið 3.3. hér á eftir.

Í öðru lagi eru rökun þau að verði kerfið afnumið frá árinu 2004 muni það leiða til verulegra og mjög alvarlegra efnahagsferðleika ekki aðeins hjá tilteknum fyrirtækjum, heldur öllum fyrirtækjum (þeim sem þegið hafa styrki umfram frímarkið), og því hafa mikil áhrif á atvinnustöðu á svæðinu öllu. Talið er að hefði kerfið verið áfram í gildi frá árinu 2004 hefði heildarskattaafsláttur einkafyrirtækja á svæðum 2, 3 og 4 verið 4 270 milljónir norskra króna (um 520 milljónir evra).

Í skýrslu frá sjálfstæðri nefnd, „*Effektutvalget*“, koma fram ýmsir útreikningar á hugsanlegum þjóðhagsáhrifum þess að jafna almannatryggingagjaldið. Að því tilskildu að laun og vöruverð haldist óbreytt er áætlað að bein áhrif af hækkuðum heildarlaunakostnaði í einkafyrirtækjum verði fækkun starfa um 15 400 á svæði 4 og um 2 900 á svæði 3. Þetta svarar til þess að fækkun starfa í einkafyrirtækjum eingöngu verði 15,5 % í þessum héruðum (13,5 % á svæði 3 og 15,8 % á svæði 4). Hliðstæð heildarfækkun starfa í þessum héruðum yrði 7,5 % á svæði 3 og 8,5 % á svæði 4.

Norsk stjórnvöld hafa einnig lagt fram útreikninga á áætluðum áhrifum kerfis sem aðeins væri byggt á frímarkinu. Þau hafa áætlað heildarfjölda starfsmanna í einkafyrirtækjum sem slíkt kerfi næði ekki til. (Leggja mætti lægra almannatryggingagjald á laun tiltekna fjölda starfsmanna í hverju fyrirtæki þannig að skattfríðindin yrðu ekki umfram 100 000 evra frímarkið á hverju þriggja ára tímabili.) Niðurstaða þeirra er að hlutfall venjulegra ársverka umfram frímarkið sé 43 % á svæði 3 og 55 % á svæði 4 og að fækkun starfa (með notkun kerfis sem aðeins væri byggt á frímarkinu) yrði 3,2 % á svæði 3 og 4,7 % á svæði 4.

Norðmenn benda á það í tilkynningu sinni að með tímanum megi velta hærri skattbyrði að meira eða minna leyti yfir á launþega og neytendur. Þeir leggja áherslu á að slíkt taki langan tíma og því sé nauðsynlegt að aðlögunartíminn sé tiltölulega langur enda myndi skyndileg skattahækkun valda samsvarandi hækkuðum launakostnaði vinnuveitenda.

Norðmenn vísa einnig til þess að hagnaður fyrirtækja á svæðum 3 og 4 sé lítill. Tekið er fram að (óskert) skattahækkun, að teknu tilliti til kerfis sem byggt væri á frímarkinu, hefði á árinu 2001 svarað til hér um bil 24 % af heildarrekstrarhagnaði fyrirtækja á svæði 3 og nærri 40 % á svæði 4.

Norðmenn leggja sömuleiðis fram útreikninga á áhrifum þess að taka upp kerfi beinna flutningsstyrkja. Þar eð flutningsstyrkir yrðu aðeins veittir vegna aukins kostnaðar við vöruflutninga telja þeir að sú ráðstöfun myndi aðeins nýttast fáum þeirra fyrirtækja sem jöfnun almannatryggingagjaldsins bitnar á. Niðurstaðan er sú að með heildarframlagi að fjárhæð 150 milljóna norskra króna að aðlögunartímanum liðnum muni nýja kerfið bæta fyrirtækjunum 10 % tapsins.

Í bréfi frá 16. maí 2003 benti eftirlitsstofnunin á að áformaður aðlögunartími væri þrjú ár bæði á svæði 3 og 4 og því væri hlutfallsleg hækkuð gjaldsins árlega hærri á svæði 4 en svæði 3. Því var óskað eftir röksemdum fyrir því að fyrirtæki á svæði 3 þyrftu jafnlangan aðlögunartíma og fyrirtæki á svæði 4 enda þótt skattbyrði þeirra hækkaði minna. Stofnunin óskaði einnig eftir viðbótarskýringum eða útreikningum sem sýndu áhrif eins og tveggja ára aðlögunartíma á hvoru svæði um sig og samanburði við þriggja ára aðlögunartíma.

Í bréfi frá 5. júní 2003 lagði fjármálaráðuneytið fram viðbótarskýringar. Tekið er fram að án aðlögunartíma myndi hækkuð almannatryggingagjaldinu svara til tafarlausrar hækkunar á launakostnaði fyrirtækjanna um 8,6 % á svæði 3 og 7,2 % á svæði 4 (eftir að frímarkinu er náð). Með því að gera ráð fyrir almennum launahækkunum samkvæmt áætlun stjórnvalda myndi hækkuð gjaldsins án aðlögunartíma leiða til nærri þrefalt meiri hækkunar á launakostnaði fyrirtækja á svæði 3 og 4 árið 2004 en búast mætti við að öðrum kosti (ef ekki er tekið tillit til áhrifa frímarksins). Ráðuneytið telur að þriggja ára aðlögunartími gefi betra ráðrúm til launaleiðréttinga áður en óskert gjald verður lagt á, fresti kostnaðarhækkun fyrirtækja og fækki þeim fyrirtækjum sem hætta rekstri og þar með þeim störfum sem tapast vegna hækkunar á

gjaldinu. Um ástæður þess að fyrirtækjum á svæði 3 er gefinn jafnlangur aðlögunartími og fyrirtækjum á svæði 4 segir ráðuneytið að þrjú ár séu mjög stuttur tími á báðum svæðunum, hlutfallslegur munur á hækkun gjaldsins milli svæða sé mjög lítill og óheppilegt væri að gera upp á milli svæðanna á aðlögunartímanum.

### 3.2 Tilkynning um nýtt kerfi beinna flutningsstyrkja

Í bréfum fjármálaráðuneytisins og sveitarstjórna- og héraðspróunarráðuneytisins frá 25. mars 2003 tilkynntu norsk stjórnvöld eftirlitsstofnuninni um nýtt kerfi beinna flutningsstyrkja innanlands.

Eftirtalin fylki og sveitarfélög eiga að hljóta rétt til styrkveitingar:

- **Troms:** Harstad, Tromsø, Kvæfjord, Skånland, Bjarkøy, Ibestad, Gratangen, Lavangen, Bardu, Salangen, Målselv, Sørreisa, Dyrøy, Tranøy, Torsken, Berg, Lenvik og Balsfjord
- **Norðurland:** öll sveitarfélög
- **Norður-Þrándalög:** Leka, Nærøy, Vikna, Flatanger, Fosnes, Overhalla, Høylandet, Grong, Namsos, Namsskogan, Røyrvik, Lierne, Snåsa, Inderøy, Namdalseid, Verran, Mosvik, Verdal, Leksvik, Meråker og Steinkjer
- **Suður-Þrándalög:** Hemne, Snillfjord, Hitra, Frøya, Ørland, Agdenes, Rissa, Bjugn, Åfjord, Roan, Osen, Oppdal, Rennebu, Meldal, Røros, Holtålen, Midtre Gauldal, Selbu og Tydal
- **Mæri og Raumsdalur:** Kristiansund, Vanylven, Sande, Herøy, Ulstein, Hareid, Norddal, Stranda, Stordal, Rauma, Nesset, Midsund, Sandøy, Aukra, Eide, Averøy, Frei, Gjemnes, Tingvoll, Sunndal, Surnadal, Rindal, Aure, Hals, Tustna og Smøla
- **Sogn og Firðafylki:** Gulen, Solund, Hyllestad, Høyanger, Vik, Balestrand, Leikanger, Sogndal, Aurland, Lærdal, Årdal, Luster, Askvoll, Fjaler, Gaular, Jølster, Bremanger, Vågsøy, Selje, Eid, Hornindal, Gloppen og Stryn

Norðmenn taka fram að svæðið, sem héraðsbundnir flutningsstyrkir eru bundnir við, sé afmarkað í samræmi við XI. viðauka við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð sem hefur að geyma reglur um styrkveitingar vegna aukins kostnaðar við vöruflutninga í strjálbýlum héruðum, þ.e. héruðum þar sem íbúar eru færri en 12,5 á ferkílómetra. Í tilkynningunni eru tekin með svæði í Suður-Þrándalögum og Mæri og Raumsdal. Þótt þessi svæði séu strjálbýl eru fylkin ekki strjálbýl sem slík. Norðmenn færa þó rök fyrir því að réttlæt看legt sé að taka þessi svæði með í samræmi við XI. viðauka við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð þar eð íbúafjöldi á nýja styrksvæðinu sé 16,01 % af heildaríbúafjölda Noregs en 23,55 % á svæðinu sem núverandi kerfi óbeinna flutningsstyrkja nær til (kerfi mismunandi almannatryggingagjalda eftir héruðum).

Samkvæmt tilkynningunni er aðeins heimilt að veita styrki vegna aukins kostnaðar við vöruflutninga innanlands og skal sá kostnaður reiknaður á grundvelli beinustu og hagkvæmstu flutningaleiðar milli framleiðslustaðar eða vinnslustaðar og næsta útsölastaðar.

Við styrkveitingar eiga Troms, Norðurland og Norður-Þrándalög (svæði 1) að njóta forgangs en Suður-Þrándalög, Mæri og Raumsdalur og Sogn og Firðafylki (svæði 2) fá lægri hlutfallslega styrki. Mismunandi styrkir verða veittir eftir flutningsvegalengd (minnsta vegalengd 350 km) og landsvæði. Mismunur á hlutfallslegum styrkfjárhæðum kemur fram í eftirfarandi töflu.

## 2. tafla: Styrkfjárhæðir

Flutningsvegalengd í kílómetrum	Svæði 1	Svæði 2
350–700	30 %	20 %
> 700	40 %	30 %

Norðmenn taka fram að séð verði til þess að fyrirtæki fái ekki styrki umfram þetta. Njóti fyrirtæki samtímis afsláttar af almannatryggingagjaldi verði sú fjárhæð dregin frá flutningsstyrknum eins og hann reiknast samkvæmt 2. töflu. Jafnframt muni fyrirtækin ekki fá hærri flutningsstyrki samtals, þ.e. samkvæmt nýja flutningsstyrkjakerfinu og í mynd afsláttar af almannatryggingagjaldi, en sem nemur þeim styrk sem þau hefðu fengið samkvæmt núverandi kerfi mismunandi almannatryggingagjalds.

Í bréfi frá 16. maí 2003 óskaði eftirlitsstofnunin eftir frekari upplýsingum. Hún benti á að fjögur sveitarfélöganna, sem njóta ættu góðs af nýja flutningsstyrkjakerfinu, væru ekki á kortinu yfir svæði sem njóta byggðastyrkja (Herøy, Ulstein, Hareid og Aukra). Stofnunin lýsti efasemdum um túlkun norskra stjórnvalda á Leiðbeiningum um ríkisaðstoð. Ef strjálbýl svæði í Suður-Þrændalögum og Mæri og Raumsdal ættu að vera hluti af því svæði sem nyti flutningsstyrkja yrðu þessi héruð að áliti stofnunarinnar að koma í stað annarra svæða/sveitarfélaga í hinum strjálbýlu fylkjum átta (Troms, Norðurlandi, Norður-Þrændalögum, Sogn og Firðafylki, Austur-Ögðum, Þelamörku, Heiðmörku og Upplöndum). Stofnunin óskaði einnig eftir afriti af skýrslu um aukinn flutningskostnað.

Fjármálaráðuneytið sendi viðbótarupplýsingar í bréfi frá 5. júní 2003. Ráðuneytið tekur fram að kortið yfir svæði sem njóta byggðastyrkja varði fjárfestingastyrki en ekki óhagræði af völdum aukins flutningskostnaðar og að fyrirtæki í áðurgreindum fjórum sveitarfélögum standi varanlega höllum fæti enda sé um að ræða eyjar án vegarsambands við meginlandið. Norðmenn eru þeirrar skoðunar að ákvæði XI. viðauka við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð gefi nokkurt svigrúm til að velja svæði sem eigi að njóta flutningsstyrkja. Því halda Norðmenn með hliðsjón af þessum rökum fast við kort yfir svæði sem eigi að njóta flutningsstyrkja samkvæmt bréfinu frá 25. mars 2003, að meðtöldum sveitarfélögum Herøy, Hareid, Ulstein og Aukra.

Að því er varðar svæði sem eiga rétt á flutningsstyrkjum lýsa Norðmenn þeirri skoðun sinni að skilyrði fyrir því að skipta um svæði eða sveitarfélög séu í samræmi við ákvæði XI. viðauka. Þeir taka fram að heildaríbúafjöldi sveitarfélaga á kortinu yfir svæði sem njóta byggðastyrkja í hinum strjálbýlu fylkjum Heiðmörku, Upplöndum, Þelamörku og Austur-Ögðum sé 209 593. Þessi svæði séu ekki hluti af hinu tilkynnta svæði en íbúafjöldi í sveitarfélögum í Suður-Þrændalögum og Mæri og Raumsdal, sem eru styrkhæf samkvæmt hinu fyrirhugaða flutningsstyrkjakerfi, sé 179 792.

Í bréfi frá 10. júní 2003 sendi viðskipta- og iðnaðarráðuneytið yfirlit frá Umferðarhagstofunni (Transportøkonomisk institutt, TØI) <sup>(7)</sup> um aukinn flutningskostnað á svæðinu sem fyrirhugað er að gera styrkhæft. Yfirlitið byggist á viðtölum við fulltrúa 33 fyrirtækja sem skipt er í 6 sýni (landsvæði). Niðurstaðan er á þá leið að í 1. sýni (þremur nyrstu fylkjum) og 2. sýni (fylkjum í Vestur-Noregi) sé meðalflutningskostnaður á mannár – samtals og á lengri leiðum en 350 km – mun meiri en sambærilegur kostnaður fyrir viðmiðunarsvæðið (Ósló og nærliggjandi svæði).

Á fundi í Ósló hinn 26. júní 2003 létu fulltrúar eftirlitsstofnunarinnar í ljósi þá skoðun að yfirlitið frá Umferðarhagstofunni færði ekki nægilegar sönnur á aukinn flutningskostnað á þeim svæðum í sunnanverðu landinu sem fyrirhugað væri að veita rétt til beinna flutningsstyrkja.

<sup>(7)</sup> Intervju av industribedrifter i aktuelle transportstøttesoner og i referansesoner. Arbeidsdokument av 4.6.2003.

## II. MAT

### 1. TILKYNNINGASKYLDA OG STÖÐVUNARÁKVÆÐI

Í 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól stendur: „Tilkynna skal eftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda.“ Aðstoð, sem er ekki tilkynnt eða tilkynnt of seint, þ.e. eftir að hún „kemur til framkvæmda“, telst óréttmæt, sjá 1. mgr. liðar 3.2.2. í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð.

Með bréfum sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu frá 26. mars 2003 (skjalnr. 03-1846 A), 15. apríl 2003 (skjalnr. 03-2467 A), 10. júní 2003 (skjalnr. 03-3707 A) og 19. júní 2003 (skjalnr. 03-3976 A) hafa Norðmenn fullnægt skyldum sínum samkvæmt 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

### 2. TILVIST RÍKISSTYRKJA

#### – 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

Í úrskurði EFTA-dómstólsins í máli E-6/98 <sup>(8)</sup> segir í 43. gr. að norska almannatrygging agjaldakerfið sé „ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins“. Þegar metið er hvort hin tilkynnta aðlögunartilhögun fyrir svæði 3 og 4 feli í sér ríkisaðstoð er á það að líta að meginreglur kerfisins eru óbreyttar frá kerfinu sem EFTA-dómstóllinn hafði til athugar. Þar eð núverandi kerfi fullnægir öllum reglum um beitingu 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins er það álit eftirlitsstofnunarinnar að aðlögunartilhögunin fyrir svæði 3 og 4 feli í sér ríkisaðstoð.

Samkvæmt hinu fyrirhugaða kerfi beinna flutningsstyrkja styrkir norska ríkið tiltekin fyrirtæki í þeim héruðum Noregs sem teljast styrkhæf. Þar eð kerfið takmarkast ekki við atvinnugreinar og fyrirtæki sem stunda ekki milliríkjavíðskipti innan EES er hætt við að styrkirnir raski samkeppni og hafi áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna. Því teljast fyrirhugaðar ráðstafanir ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

#### – Styrkir sem þegar eru fyrir hendi eða nýir styrkir?

Í 1. mgr. liðar 7.2 í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð stendur m.a.: „Aðstoð sem þegar er fyrir hendi í skilningi 1. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól felur í sér: leyfða aðstoð, þ.e. aðstoðaráætlanir eða aðstoð sem þegar er fyrir hendi og hefur verið leyfð (sjá 2. mgr. í lið 4.2. og 2. mgr. í lið 5.4.) eða gengið er út frá að hafi verið leyfð af Eftirlitsstofnun EFTA.“

Hinn 22. september 1999 ákvað eftirlitsstofnunin að hreyfa ekki andmælum við tilkynningu Norðmanna um ráðstafanir sem norsk stjórnvöld höfðu í hyggju að gera til að hlíta ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá 2. júlí 1998 <sup>(9)</sup>. Eftirlitsstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að veita mætti undanþágu vegna styrkjanna sem byggðastyrkja (óbeinna flutningsstyrkja) á grundvelli c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Samþykkið var tímabundið og gildi aðeins til 31. desember 2003. Til ársloka 2003 telst því núverandi kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum vera styrkjakerfi sem þegar er fyrir hendi.

Það er álit eftirlitsstofnunarinnar að ríkisstyrkir sem veittir væru samkvæmt kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum eftir 1. janúar 2004 væru nýir styrkir.

<sup>(8)</sup> EFTA-dómstóllinn, mál nr. E-6/98, *Norsk stjórnvöld gegn Eftirlitsstofnun EFTA* [1999] Skýrsla EFTA-dómstólsins bls. 74.

<sup>(9)</sup> Sjá 2. neðanmálsgrein.

Fyrirhugað kerfi beinna flutningsstyrkja er nýtt styrkjakerfi.

### 3. SAMRÝMANLEIKI STYRKJAKERFISINS VIÐ GILDANDI REGLUR

Í ákvörðun sinni um tillögur til Norðmanna um viðeigandi ráðstafanir (ákv. nr. 172/02/COL, sjá einnig lið I.2 hér á undan) komst eftirlitsstofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að veita undanþágu samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins vegna núverandi kerfis mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum. Styrkir, sem veittir eru samkvæmt núverandi kerfi, eru ekki í nokkru samræmi við þann aukna flutningskostnað sem tiltekin fyrirtæki þurfa að bera og eru ekki reiknaðir í samræmi við ákvæði XI. viðauka við Leiðbeiningar um ríkisaðstoð.

#### 3.1 Aðlögunartímabil á svæðum 3 og 4

Í lið 1b) í úrskurðarorðum ákvörðunar um tillögur til Norðmanna um viðeigandi ráðstafanir (ákv. nr. 172/02/COL, sjá einnig lið I.2 hér á undan) segir: “Norsk stjórnvöld skulu afnema alla slíka aðstoð eða breyta henni þannig að hún samrýmist samningnum fyrir 1. janúar 2004 nema eftirlitsstofnunin fallist á aðra dagsetningu, enda telji hún það nauðsynlegt og réttlætlanlegt til að gera fyrirtækjum, sem eiga hlut að máli, kleift að laga sig að breyttum aðstæðum.”

Í tilkynningu sinni (sjá lið I.3.1 hér á undan) settu norsk stjórnvöld fram tvenns konar rök fyrir því að þörf væri á aðlögunartímabili. Í fyrsta lagi telja þau framvindu málsins hafa verið með þeim hætti að ekki hafi borist „skýr skilaboð“ um að afnema yrði kerfið sem slíkt fyrir en síðla hausts 2002. Í öðru lagi eru rök þau að verði kerfið afnumið frá árinu 2004 muni það leiða til verulegra og mjög alvarlegra efnahagserfiðleika ekki aðeins hjá tilteknum fyrirtækjum, heldur öllum fyrirtækjum (þeim sem þegið hafa styrki umfram frimarkið), og því hafa mikil áhrif á atvinnustöðu á svæðinu öllu.

#### – Aðdragandi fram til hausts 2002

Með tilliti til þeirra atriða sem tekin eru saman í lið I.2 hér á undan og snúa að synjun framkvæmdastjórnarinnar við erindi Svía leikur enginn vafi á því að norskum stjórnvöldum hefur verið kunnugt um efasemdir framkvæmdastjórnarinnar um að sænska kerfið samræmdist gildandi reglum að minnsta kosti frá því að ákvörðun um að hefja rannsókn var birt 1. júlí 2000 og þeim hefur verið kunnugt um að ákvörðun um synjun var tekin 21. desember 2000 að minnsta kosti frá 14. september 2001. Í bréfi frá 27. júlí 2000 sendu Norðmenn einnig athugasemdir við ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn. Í bréfinu var staðfest að í landinu væri starfrækt kerfi sem svipaði til hins sænska.

Í ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um að synja erindi Svía stendur einnig: „Þótt svipað kerfi sé til í Noregi (þ.e. kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum) er það ekki næg ástæða til að samþykkja hið sænska afsláttarkerfi almannatryggingagjalda. Í þessu sambandi hefur Evrópudómstóllinn kveðið upp þann úrskurð að ‘brot aðildarríkis gegn skuldbindingu, sem kveðið er á um í sáttmálanum, í tengslum við bannið, sem mælt er fyrir um í 92. gr., verður aldrei réttlætt með því að önnur aðildarríki fullnægi ekki heldur þeirri skuldbindingu. Þau áhrif, sem samkeppnisröskun á einum stað hefur á viðskipti, upphelja ekki heldur magna áhrif samkeppnisröskunar annars staðar og auka skaðlegar afleiðingar hennar á hinum sameiginlega markaði’<sup>(10)</sup>“.

Norska kerfið var rætt á nokkrum fundum Norðmanna og eftirlitsstofnunarinnar árið 2001 en í bréfi frá 29. nóvember tilkynnti eftirlitsstofnunin Norðmönnum að hún myndi hefja athugun á norska kerfinu með það fyrir augum að leggja fram tillögur um viðeigandi ráðstafanir til þess að jafna samkeppnisskilyrði á svæðinu sem EES-samningurinn nær til.

<sup>(10)</sup> Mál 78/76 *Steinike & Weinlig gegn Þýska ríkinu* [1977] Dómasafn Evrópudómstólsins bls. 595.

Eftirlitsstofnunin hóf formlega rannsókn á norska kerfinu með bréfi til norskra stjórnvalda frá 4. júní 2002 (skjalnr. 02-4189 D). Í bréfinu kvað eftirlitsstofnunin upp úr með að óvist væri hvort hið norska kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum samrýmdist lengur EES-samningnum. Í ákvörðun sinni frá 25. september 2002 <sup>(1)</sup> um tillögur um viðeigandi ráðstafanir komst eftirlitsstofnunin að þeirri niðurstöðu að núverandi kerfi mismunandi almannatryggingagjalds eftir héruðum væri ekki undanþáguhæft samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. mgr. EES-samningsins.

Tilgangur viðræðnanna, sem áttu sér stað fyrir 25. mars 2003, var að komast að því hvort viðhalda mætti sumum undanþágum frá algeru afnámi mismunandi almannatryggingagjalda. Eftir að ákvörðunin um sænska kerfið hafði verið tekin var þó augljóst að álitni eftirlitsstofnunarinnar að núverandi kerfi gæti ekki verið við lýði áfram sem slíkt.

Að teknu tilliti til þessa aðdraganda getur eftirlitsstofnunin ekki tekið undir það með Norðmönnum að þeir hafi ekki fengið „skýr skilaboð“ um það fyrir en síðla hausts 2002 að afnema yrði kerfið sem slíkt. Í ljósi þess, sem áður er getið, er það skoðun eftirlitsstofnunarinnar að unnt hefði verið að gera ráðstafanir til að draga úr þeim aðlögunarvanda sem nú blasir við fyrirtækjum.

Hvað sem öðru liður dregur eftirlitsstofnunin í efa gildi þessara röksemda. Ekki skiptir höfuðmáli hvort norsk stjórnvöld hafa fengið skýr eða óskýr skilaboð því að ríkisstjórnir geta ekki notað misskilning á EES-reglum sem afsökun fyrir því að fullnægja ekki skuldbindingum sínum samkvæmt samningnum. Þannig var það afstaða eftirlitsstofnunarinnar í viðræðum við Norðmenn fyrir 25. mars 2003 að aðildarríki gæti ekki vísað til lögmætra væntinga í því skyni að halda fast við ósamrýmanlegt kerfi. Í málinu, sem hér er til umfjöllunar, á þetta þeim mun fremur við sem heimild til að reka núverandi kerfi rennur út í árslok 2003 og afla þarf nýrrar heimildar ef nýtt styrkjakerfi er tekið upp.

#### – Efnahagsleg áhrif þess að afnema kerfið

Rök Norðmanna eru á þá leið kerfisbreyting án aðlögunartíma, eða með mjög stuttum aðlögunartíma, myndi m.a. skapa óvissu og erfiðleika hjá mörgum fyrirtækjum í þessum héruðum og spilla verulega efnahagsþróun þar. Þeir styðja þetta með rökum og útreikningum sem rakin eru í lið I.3.1 hér á undan.

Þrátt fyrir þetta telur eftirlitsstofnunin enn vafa leika á að unnt sé að réttlæta aðlögunartíma á þessum forsendum og hversu langur hann ætti þá að vera.

Í fyrsta lagi hafa norsk stjórnvöld ekki lagt fram útreikninga sem sýna fram á áhrifin af eins og tveggja ára aðlögunartíma fyrir hvert svæði um sig annars vegar og í samanburði við hinn tilkynnta þriggja ára aðlögunartíma hins vegar (eins og eftirlitsstofnunin óskaði eftir í bréfi frá 16. maí 2003). Í bréfi fjármálaráðuneytisins frá 5. júní 2003 bera Norðmenn aðeins saman áhrifin af þriggja ára aðlögunartíma og engum aðlögunartíma og taka fram að væri aðlögunartíminn styttri en þrjú ár yrði hann „of stuttur“.

Í öðru lagi óskaði eftirlitsstofnunin í bréfi frá 16. maí 2003 eftir röksemdum fyrir því að fyrirtæki á svæði 3 þyrftu jafnlangan aðlögunartíma og þau sem starfa á svæði 4 þótt gjaldhækkunin væri minni hjá þeim. Í bréfi fjármálaráðuneytisins frá 5. júní 2003 segja Norðmenn: „Hlutfallslegur munur á svæðunum tveimur er mjög litill í samanburði við þörfina á launabreytingum á báðum svæðunum. Við teljum að við núverandi aðstæður væri óheppilegt að gera greinarmun á svæðunum tveimur“.

<sup>(1)</sup> Ákv. nr. 172/02/COL.

– **Niðurstaða um aðlögunartímann sem tilkynntur hefur verið fyrir svæði 3 og 4**

Að teknu tilliti til þess að ríkisstyrkir, sem veittir væru samkvæmt kerfi mismunandi almennatryggingagjalds eftir héruðum eftir 1. janúar 2004, yrðu að teljast nýir styrkir, að norskum stjórnvöldum hefur að áliti eftirlitsstofnunarinnar verið kunnugt um það um nokkurt skeið að kerfið gæti ekki verið við lýði áfram sem slíkt og að eftirlitsstofnunin hefur efasemdir um efnahagsleg rök fyrir því að hafa þriggja ára aðlögunartíma bæði á svæði 3 og 4 telur stofnunin vafa leika á um samrýmanleika aðlögunartímans sem tilkynntur hefur verið fyrir svæði 3 og 4.

**3.2 Nýtt kerfi beinna flutningsstyrkja**

Fyrirhugað er að veita rétt til beinna flutningsstyrkja á svæði sem nær til sveitarfélaga í sex fylkjum. Í fjórum fylkjanna er íbúafjöldi minni en 12,5 íbúar á ferkílómetra. Fjögur sveitarfélaganna, sem fyrirhugað er að gera styrkhæf, eru ekki á kortinu yfir svæði sem njóta byggðastyrkja (Herøy, Ulstein, Hareid og Aukra).

– Sveitarfélög sem eru ekki á kortinu yfir svæði sem njóta byggðastyrkja

Er eftirlitsstofnunin samþykkti árið 1999 kortið yfir svæði sem njóta byggðastyrkja í Noregi (327/99/COL) fól samþykktin í sér heimild til að veita styrki samkvæmt viðurkenndum byggðastyrkjakerfum. Af þessu leiðir að óheimilt er að veita byggðastyrki (t.d. beina flutningstyrki) á svæðum sem eru ekki á kortinu.

Í 5. mgr. liðar 25.5 í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð stendur: „Á meðan kortið er í gildi geta EFTA-rikin farið fram á breytingar á því ef sýnt er að félagsleg eða efnahagsleg skilyrði hafi breyst að verulegu leyti. Slíkar breytingar kunna að varða styrkleika aðstoðar og styrkhæf svæði, með þeim fyrirvara að í stað nýrra svæða sem eru tilnefnd falli brott svæði sem hafa sama íbúafjölda. Gildistíma leiðrétta kortsins lýkur á þeim degi sem þegar var ákveðinn fyrir upphaflega kortið“.

Þar eð norsk stjórnvöld hafa ekki tilkynnt breytingar á kortinu yfir styrkhæf svæði í samræmi við 5. mgr. liðar 25.5 í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð myndu byggðastyrkir (beinir flutningsstyrkir) til sveitarfélaganna sem eru ekki á byggðastyrkjakortinu (Herøy, Ulstein, Hareid og Aukra) vera ósamrýmanlegir ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð.

– Gögn sem sýna aukinn flutningskostnað

Norðmenn hafa lagt fram yfirlit frá TØI til að sýna aukinn flutningskostnað (sjá lið I 3.2 hér á undan).

Í 27. mgr. liðar 25.4 í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð stendur: „Á strjálbýlissvæðum, sem eiga annaðhvort rétt á undanþágu samkvæmt a-lið 3. mgr. 61. gr. eða c-lið 3. mgr. 61. gr. á grundvelli dreifbýlisviðmiðsins sem um getur í 17. mgr. í kafla 25.3, er unnt að heimila aðstoð til að jafna að hluta aukinn flutningskostnað <sup>(12)</sup> að ákveðnum skilyrðum uppfylltum <sup>(13)</sup>. EFTA-ríkjunum ber að sanna að slíkur aukakostnaður sé fyrir hendi og ákvarða upphæð hans“.

Eftirlitsstofnunin er þeirrar skoðunar að yfirlitið frá TØI færi ekki nægilegar sönnur á að um aukinn flutningskostnað sé að ræða á þeim svæðum í sunnanverðum Noregi sem fyrirhugað er að veita rétt til beinna flutningsstyrkja. Því telur eftirlitsstofnunin vafa leika á því að beinir flutningsstyrkir á þessum svæðum (Sogni og Firðafylki, Mæri og Raumsdal og Suður-Þrændalögum) samrýmist ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð.

<sup>(12)</sup> „[Aukinn flutningskostnaður merkir viðbótarkostnað vegna vöruflutninga innanlands.] Slík aðstoð má ekki undir neinum kringumstæðum vera útflutningsaðstoð, né heldur má hún felast í aðgerðum sem hafa sambærileg áhrif og magntakmarkanir á innflutning í skilningi 11. gr. EES-samningsins.“

<sup>(13)</sup> „Sjá XI. viðauka hvað varðar sérstaka skilmála fyrir svæði sem falla undanþáguna í c-lið 3. mgr. 61. gr. á grundvelli dreifbýlisviðmiðsins. Hvað varðar önnur svæði sem eiga rétt á aðstoð til að jafna að hluta til aukinn flutningskostnað gilda sambærilegir skilmálar þeim sem um getur í XI. viðauka.“

### 3.3 Framhald kerfis mismunandi almannatryggingagjalds í Norður-Troms og Finnörku (svæði 5)

Eftirlitsstofnunin vísar til ákvörðunar fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 2/2003/SC frá 1. júlí 2003. Hún hefur í för með sér að formleg rannsókn mun takmarkast við hina tilkynntu aðlögunartilhögun á svæðum 3 og 4 og tilkynnt kerfi beinna flutningsstyrkja.

## 4. NIÐURSTAÐA

Með hliðsjón af ofangreindum málsatvikum og umfjöllunaratriðum telur eftirlitsstofnunin vafa leika á því að hinar tilkynntu ráðstafanir samrýmist framkvæmd EES-samningsins. Af þeim sökum, og í samræmi við lið 5.2. í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð (sjá tilvitnun í lið II.1 hér á undan), er eftirlitsstofnuninni skylt að hefja málsmeðferð þá sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Ákvörðun um að hefja málsmeðferð er tekin með fyrirvara um endanlega ákvörðun, sem enn gæti orðið sú að aðstoðin samrýmist framkvæmd EES-samningsins.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir hefur Eftirlitsstofnun EFTA tekið eftirfarandi ákvörðun:

1. Hafin er málsmeðferð sú sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að því er varðar tilkynntan aðlögunartíma fyrir mismunandi almannatryggingagjald eftir héruðum á svæðum 3 og 4 og tilkynnt nýtt kerfi beinna flutningsstyrkja.
2. Í samræmi við 1. mgr. liðar 5.3.1. í 5. kafla leiðbeininga eftirlitsstofnunarinnar um ríkisaðstoð er norskum stjórnvöldum gefinn tveggja mánaða frestur frá því að ákvörðun þessi er tilkynnt til að leggja fram athugasemdir við að formleg rannsókn skuli hafin.
3. Eftirlitsstofnunin fer þess á leit við norsk stjórnvöld að þau leggi fram allar þær upplýsingar sem auðveldað gætu stofnuninni rannsókn á því hvort fyrirhugaðar ráðstafanir samrýmist EES-samningnum áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því að ákvörðun þessi er tilkynnt.
4. Þessi ákvörðun skal tilkynnt öðrum EFTA-ríkjum, aðildarríkjum EB og hagsmunaaðilum með því að birta hana í EES-þætti Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau, og skal þeim gefinn eins mánaðar frestur frá birtingu til að leggja fram athugasemdir.
5. Ensk útgáfa ákvörðunar þessarar er fullgild.

Gjört í Brussel 16. júlí 2003.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

*Einar M. Bull*

Forseti

*Hannes Hafstein*

Stjórnarmaður

\*\*\*\*\*

Eftirlitsstofnun EFTA gefur hér með EFTA-ríkjunum, aðildarríkjum ESB og hagsmunaaðilum færi á að leggja fram athugasemdir um þessar ráðstafanir áður en einn mánuður er liðinn frá því að þessi tilkynning er birt. Athugasemdirnar skal senda til:

EFTA Surveillance Authority  
74, rue de Trèves  
B-1040 Bruxelles

Athugasemdum verður komið á framfæri við norsk stjórnvöld. Hagsmunaaðilum, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skal óskinn vera skrifleg og rökstudd.

## TILMÆLI EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2003/EES/45/02

frá 19. júní 2003

um samræmda áætlun um opinbert matvælaeftirlit árið 2003  
(ákv. 98/03/COL)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA MÆLIST TIL ÞESS,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES), einkum 109. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af samningi EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum b-lið 2. mgr. 5. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í 50. lið XII. kafla II. viðauka með EES-samningnum (*tilskipun ráðsins 89/397/EBE frá 14. júní 1989 um opinbert matvælaeftirlit*<sup>(1)</sup>), eins og hún var aðlöguð að EES-samningnum með bókun 1 með honum, einkum 3. mgr. 14. gr.,

að höfðu samráði við matvælanefnd EFTA sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til þess að framkvæmd Evrópska efnahagssvæðisins gangi snurðulaust er nauðsynlegt að koma upp samræmdum áætlunum um matvælaeftirlit á efnahagssvæðinu í því skyni að bæta samræmda framkvæmd opinbers eftirlits í EES-ríkjunum.
- 2) Í slíkum áætlunum er lögð áhersla á samræmi við gildandi löggjöf samkvæmt EES-samningnum, almenna heilsuvernd, hagsmuni neytenda og góða viðskiptahætti.
- 3) Í 3. gr. tilskipunar ráðsins 93/99/EBE frá 29. október 1993 um viðbótarákvæði um opinbert matvælaeftirlit<sup>(2)</sup> er rannsóknarstofnunum sem um getur í 7. gr. tilskipunar 89/397/EBE gert að fullnægja viðmiðum sem sett eru í Evrópustaðlaröðinni EN 45000 sem nú hefur verið leyst af hólmi af röðinni EN ISO 17025:2000.
- 4) Áætlunum einstakra landa er beitt jafnhliða samræmdum áætlunum og niðurstaðan er upplýsingar og reynsla sem nota má sem grundvöll að eftirliti og löggjöf í framtíðinni.
- 5) Í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/10/EB frá 10. janúar 2003 um samræmda áætlun um opinbert matvælaeftirlit á árinu 2003<sup>(3)</sup> hefur fyrirhuguð eftirlitsáætlun um merkingu á olíum úr ólífum að geyma tilvísanir í fjórar bandalagsreglugerðir sem hafa ekki verið felldar inn í EES-samninginn. Þar eð tilvísanir í þessar reglugerðir geta gagnast við opinbert eftirlit með því að olíuafurðir séu rétt merktar eru þessar tilvísanir þó

einnig teknar með í tilmælum eftirlitsstofnunar EFTA til EFTA-ríkjanna.

- 6) Fyrirhugaðar eftirlitsáætlanir um öryggi sjávarafurða byggjast á gerðum sem um getur í I. kafla I. viðauka með EES-samningnum. Liechtenstein hefur undanþágu frá ákvæðum I. kafla og er þessum hluta tilmællanna því ekki beint til Liechtensteins.

AÐ EFTA-RÍKIN:

1. Standi árið 2003 fyrir skoðun og eftirliti meðal annars með því að taka sýni þar sem þörf gerist og greina þau á rannsóknarstofum í því skyni að:
  - fylgjast með því að olíuoliur séu skýrt og rétt merktar í samræmi við EES-reglur;
  - meta öryggi tiltekinna sjávarafurða (örverufræðilegt öryggi soðinna krabbadýra og skellindýra og histamínmagn í fiski af ættunum *Scombridae*, *Clupeidae*, *Engraulidae* og *Coryphaenidae*).
2. Sjái til þess að sýnafjöldi og tíðni eftirlitsferða nægi til að gefa góða hugmynd um efnið sem er til rannsóknar, þótt ekki sé kveðið á um þessi atriði í þessum tilmælum.
3. Leggi fram upplýsingar eins og óskað er eftir á skýrslueyðublöðunum sem er að finna í viðaukum við þessi tilmæli til þess að auðvelda samanburð á niðurstöðum. Þessar upplýsingar ber að senda Eftirlitsstofnun EFTA fyrir 1. maí 2004 ásamt skýrslu með skýringum.
4. Matvæli sem tekin eru til greiningar samkvæmt þessari áætlun skulu greind á rannsóknarstofum sem fullnægja ákvæðum 3. gr. tilskipunar 93/99/EBE. Ef engin rannsóknarstofa er til í EFTA-ríkjunum sem fullnægir þessum ákvæðum og getur tekið að sér tiltekna greiningu sem þessi tilmæli kveða á um er ríkjunum einnig heimilt að tilnefna aðrar rannsóknarstofur sem geta séð um greininguna.

GILDISSVIÐ OG AÐFERÐIR:

## A. Merking á olíum úr ólífum

1. Gildissvið áætlunarinnar

Árið 2001 varð vart við mengun af völdum fjölhringa arómatískra vetniskolefna (PAH-efna, t.d.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 290, 24.11.1993, bls. 14.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 7, 11.1.2003, bls. 76.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.

bensó(a)pýrens) í lággæðaðolíu, öðru nafni hratolíu. Athuganir EES-ríkjanna leiddu í ljós rangar merkingar á mismunandi gæðaflokkum ólífuolíu þar sem ekki var gerður skýr greinarmunur á hratolíu, ólífuolíu og jómfrúolíu. Þetta gerði mönnum erfitt fyrir að ráða bug á mengunarvandamálinu. Í ljós komu vörumerkingar sem veittu rangar eða villandi upplýsingar um gæði oliunnar eins og hún var seld. Jafnframt varð þess vart að eitthvað kynni að vera um ólöglega íblöndun lággæðaðolíu í vörum í hærri gæðaflokkum. Þetta villir ekki aðeins um fyrir neytendum heldur stefnir það heilsu almennings í hættu ef menguð lággæðaðolíu er notuð.

Markmið þessa þáttar áætlunarinnar er að ganga úr skugga um að olíuafurðir úr ólífum séu rétt merktar í því skyni að tryggja að ekki sé stunduð ólögleg íblöndun með lággæðaðolíu sem gæti verið menguð og gæti verið óheilsusamleg að öðru leyti. Þetta mun gera það auðveldara að hafa stjórn á áhættu sem stafar af olíu sem gæti verið menguð og draga úr hættunni á að villt sé um fyrir neytendum.

## 2. Sýnataka og greiningaraðferð

Lögbærum stjórnvöldum EFTA-ríkjanna ber að láta fara fram eftirlit, m.a. skoðun á skjölum þar sem því verður við komið, hjá framleiðanda áður en vörur eru settar á markað, hjá smásölum vegna vöru sem er seld beint til neytenda og annars staðar þar sem við á, t.d. hjá heilidsölum, vegna vöru sem er seld til stóreldhúsa. Tilgangur eftirlitsins er að ganga úr skugga um að merking á olíum úr ólífum veiti réttar upplýsingar um gæðaflokk(a) oliunnar, með tilvísun til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla <sup>(4)</sup>, reglugerð ráðsins nr. 136/66/EBE frá 22. september 1966 um að koma á fót sameiginlegri markaðsskipan fyrir olíuafurðir og fituefni <sup>(5)</sup> og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1019/2002 frá 13 júní 2002 um staðla fyrir markaðssetningu ólífuolíu <sup>(6)</sup>. Reglugerð 136/66/EB og reglugerð 1019/2002/EB eru ekki hluti af EES-samningnum.

Vörusýni skulu tekin og greind til að ákvarða efnisþætti oliunnar með tilvísun til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2568/91 <sup>(7)</sup> og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 796/2002 <sup>(8)</sup>. Þessar tvær reglugerðir eru ekki hluti af EES-samningnum.

Lögbærum stjórnvöldum EFTA-ríkjanna er látið eftir að ákveða hversu mörg sýni skuli tekin.

Skra ber niðurstöður eftirlitsins á skýrslueyðublaðið sem er að finna í I. viðauka með þessum tilmælum.

## B. Öryggi sjávarafurða: örverufræðilegt öryggi soðinna krabbadýra og skellindýra

### 1. Gildissvið áætlunarinnar

Örverufræðileg gæði soðinna krabbadýra og skellindýra eru oft ekki fullnægjandi. Í þessum fæðutegundum geta þrífist hinar fjölbreytilegustu örverur. Tiltæknir þættir í vinnslu þeirra, t.d. suða um borð í fiskiskipunum, kæling með sjó, að margar hendur fara um afurðirnar og flutningur um langan veg, gera þær jafnframt móttækilegri fyrir óæskilegum örveruvexti.

Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/51/EBE <sup>(9)</sup> er mælt fyrir um tiltekin örverufræðileg viðmið að því er þessar fæðutegundir varðar. Þar á meðal eru viðmið fyrir *Staphylococcus aureus* og *Salmonella* í fullunninni vöru ásamt vinnsluviðmiðum fyrir *Escherichia coli*, hitaþolna kóligerla og miðlungs hitakærar, loftháðar örverur. Undanfarið hefur athyglin beinst sérstaklega að hættunni sem heilsu manna kann að stafa af sjúkdómsvaldandi *Vibrio parahaemolyticus* í þessum fæðutegundum. Þó er enn ekki nægar visindalegar upplýsingar að hafa til að unnt sé að setja í bandalagslöggjöf viðmið fyrir þessa samsetningu sýkils og vörutegundar.

Markmið þessa þáttar áætlunarinnar er að rannsaka örverufræðilegt öryggi soðinna krabbadýra og skelfisks í því skyni að auka neytendavernd og safna upplýsingum um algengi sjúkdómsvaldandi örvera og bendiörvera í þessum fæðutegundum.

### 2. Sýnataka og greiningaraðferð

Rannsóknirnar skulu beinast að soðnum krabbadýrum og skellindýrum áður en þau eru sett á markað, á framleiðslustigi, og eftir að þau eru komin á markað. Lögbær stjórnvöld EFTA-ríkjanna skulu taka dæmigerð sýni af þessum fæðutegundum bæði á framleiðslustigi og smásölustigi í því skyni að prófa hvort í þeim finnist *Salmonella* og telja *Staphylococcus aureus*, *Escherichia coli* og heildarfjölda *Vibrio parahaemolyticus*. Sýnin skulu vera að minnsta kosti eitt hundrad grómm hvert og skal gæta fyllsta hreinlætis við meðferð þeirra, geyma þau í kældum ílátum og senda þau tafarlaust til greiningar á rannsóknarstofu.

Lögbærum stjórnvöldum EFTA-ríkjanna er látið eftir að ákveða hversu mörg sýni skuli tekin.

Rannsóknarstofum er heimilt að nota þá aðferð sem þær kjósa að því tilskildu að hún sé nægilega öflug til að sett markmið náist. Þó er mælt til þess að nýjasta útgáfa af staðlinum ISO 6579 sé notuð við mælingar á *Salmonella*, nýjasta útgáfa af staðlinum EN/ISO 6888-1,2 við mælingar á *Staphylococcus aureus*, nýjasta útgáfa af staðlinum

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB P 172, 30.9.1966, bls. 3025.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 155, 14.6.2002, bls. 27.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 248, 5.9.1991, bls. 174.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 128, 15.5.2002, bls. 8.

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB L 13, 21.1.1993, bls. 11.

<sup>(10)</sup> Notið 3x3 MPN-aðferð með Alkaline Salt Peptone Water (ASPW)

ISO 16649-1,2,3 við mælingar á *Escherichia coli* og nýjasta útgáfa af staðlinum ISO 8914 með MPN-aðferð <sup>(10)</sup> við mælingar á *Vibrio parahaemolyticus*. Nota má aðrar jafngildar aðferðir sem til þess bær stjórnvöld viðurkenna.

Skrá ber niðurstöður eftirlitsins á skýrslueyðublaðið sem er að finna í II. viðauka með þessum tilmælum.

### C. Öryggi sjávarafurða: histamínmagn í tilteknum fisktegundum

#### 1. Gildissvið áætlunarinnar

Neysla sjávarafurða með miklu histamínmagni getur verið sjúkdómsvaldandi. Histamín og önnur amin myndast við vöxt tiltekinna gerla við geymslu í of langan tíma og/eða við of háan hita og vegna skorts á hreinlæti við veiðar, geymslu, vinnslu og dreifingu á sjávarafurðum. Fiskur af ættunum *Scombridae*, *Clupeidae*, *Engraulidae*, *Coryphaenidae*, en til þeirra teljast meðal annars túnfiskar, sardínur, makrill og sæeyra, kemur mest við sögu matareitrunar af þessu tagi vegna þess að hann inniheldur mikið af aminósýrunni histidíni sem er talin forefni histamínsins. Í tilskipun ráðsins 91/493/EBE frá 22. júlí 1991 um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða <sup>(11)</sup> eru settar öryggiskröfur að því er varðar leyfilegt hámarks magn histamíns, sýnatöku og greiningaraðferðir.

Markmið þessa þáttar áætlunarinnar er að ganga úr skugga um að histamínmagn í sjávarafurðum á markaði fari ekki yfir það hámarks magn histamíns sem kveðið er á um í EES-löggjöf og auka með því neytendavernd.

#### 2. Sýnataka og greiningaraðferð

EFTA-rikinum ber að láta fara fram eftirlit á uppboðs- og heildsölumörkuðum, í framleiðslufyrirtækjum og á smásölustöðum í því skyni að ganga úr skugga um að histamínmagn í sjávarafurðum fari ekki yfir hámarks magn eins og útlistað er hér á eftir. Eftirlitið skal ná til fisks af ættunum *Scombridae*, *Clupeidae*, *Engraulidae* og *Coryphaenidae* hvort sem hann er ferskur eða frystur, tilreiddur, unninn eða varinn skemmdum með einhverjum hætti.

Samkvæmt tilskipun 91/493/EBE ber að taka níu sýni úr hverri framleiðslulotu. Sýnin verða að fullnægja eftirtöldum kröfum:

- meðalgildið má ekki vera yfir 100 ppm;
- tvö sýni mega hafa gildi yfir 100 ppm en undir 200 ppm;
- ekkert sýni má hafa hærra gildi en 200 ppm.

Afurðir sem hafa verið láttnar meyrna með hjálp ensíma í þækli mega hafa hærra histamíninnihald, þó ekki hærra en tvöföld framangreind gildi.

Athuganir skal gera með áreiðanlegum og visindalega viðurkenndum aðferðum, til dæmis hágæðavökvaskiljun (HPLC).

Lögbærum stjórnvöldum EFTA-rikkanna er látið eftir að ákveða hversu mörg sýni skuli tekin.

Skrá ber niðurstöður eftirlitsins á skýrslueyðublaðið sem er að finna í III. viðauka með þessum tilmælum.

Tilmælum þessum er beint til Íslands og Noregs og til Liechtensteins að því er varðar áætlunina um merkingu á ólífuoilú.

Gjört í Brussel 19. júní 2003

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Bernd Hammermann  
Stjórnarmaður

Niels Fenger  
Framkvæmdastjóri

sem auðgunarlausn eins og hér er lýst. Útbúið fyrst  $10^{-1}$  sviflausn af fæðuteigundinni og notið ASPW til að þynna hana tvívegis tífalt (þannig að til verði  $10^{-2}$  og  $10^{-3}$  sviflausnir). Við hverja þynningu er 1 ml bætt í hvert þriggja glasa sem innihalda 9 ml af óþynntu ASPW. Aðferðir við ræktun, undirræktun og greiningu skulu vera í samræmi við ISO 8914. Glas þar sem staðfest er að fram kemur *V. parahaemolyticus* telst jákvætt. MPN-tölur er að finna í viðauka B við ISO 4831. Með því að margfalda MPN-visinn með 10 fæst fjöldi *V. parahaemolyticus* í grammi.

<sup>(11)</sup> Stjtið. EB L 268, 24.9.1991, bls. 15.



II. VIÐAUKI

ÖRYGGI SJÁVARAFURDA

ÖRVERUFRÆÐILEGT ÖRYGGI SODINNA KRABBADÝRA OG SKELLINDÝRA

Aðildarríki: \_\_\_\_\_

Framleiðsla

Smásala

Sjúkdómsvaldandi örverur	Vörutegund	Fjöldi sýna	Niðurstöður greiningar (1)			Ráðstafanir sem gripið er til (fjöldi)											
			G	V	Ó	Engar	Munnleg viðvörðun	Skrifleg viðvörðun	Krafið umbóta á innra eftirliti	Krafið innkölluðar á vörinni	Stjórnsýsluviðurlög	Málshöfundun	Annað				
<i>Salmonella</i> spp. n=5 e=0 ekki að finna í 25 g																	
<i>Staphylococcus aureus</i> n=5 e=2 m=100 cfu/g M=1000 cfu/g																	
<i>Escherichia coli</i> n=5 e=1 m=100 cfu/g M=1000 cfu/g																	
Heildarfjöldi <i>Vibrio parahaemolyticus</i> (2) n=5 c=2 m=10 cfu/g M=100 cfu/g																	

(1) G = Gott, V= Viðunandi, Ó= Óviðunandi. Að því er varðar *Staphylococcus aureus*, *Escherichia coli* og *Vibrio parahaemolyticus*, er niðurstaðan góð ef öll mæligildi eru < 3 m, viðunandi ef c gildi eða færri eru á bilinu 3 m til 10 m (= M) og óviðunandi ef eitt eða fleiri gildi eru > M eða fleiri en c gildi eru á bilinu 3 m til M.

(2) Rannsóknin nær til söfnunar á upplýsingum um magn þessara örvera í söðnum krabbadýrum og lindýrum á Evrópska efnahagssvæðinu og ráðlagt viðmið er vísbanding um hreinlæti við framleiðslu og meðferð. Þetta ber aðeins að nota sem leiðbeinandi viðmið.



## TILMÆLI EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2003/EES/45/03

frá 19. júní 2003

um samræmda eftirlitsáætlun fyrir árið 2003 sem er ætlað að tryggja að virt séu gildi fyrir hámarks magn varnarefnaleifa í og á korni og tilteknum öðrum fæðutegundum úr jurtaríkinu

(ákv. 97/03/COL)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA MÆLIST TIL ÞESS,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES), einkum 109. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af samningi EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum b-lið 2. mgr. 5. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í 38. lið XII. kafla II. viðauka með EES-samningnum (*tilskipun ráðsins 86/362/EBE frá 24. júlí 1986 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á kornvörum*<sup>(1)</sup>), með síðustu breytingum og eins og hún var aðlöguð að EES-samningnum með bókun 1 við hann, einkum b-lið 2. mgr. 7. gr.,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í 54. lið í XII. kafla II. viðauka með EES-samningnum (*tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarks magn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum*<sup>(2)</sup>), með síðustu breytingum og eins og hún var aðlöguð að EES-samningnum með bókun 1 við hann, einkum b-lið 2. mgr. 4. gr.,

að höfðu samráði við matvælanefnd EFTA sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt b-lið 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 86/362/EBE og b-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE ber Eftirlitsstofnun EFTA að senda matvælanefnd EFTA sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis eigi síðar en 31. desember ár hvert tilmæli um samræmda eftirlitsáætlun til að tryggja að virt séu gildi fyrir hámarks magn varnarefnaleifa sem fram koma í II. viðauka með hvorri tilskipun um sig. Í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 645/2000<sup>(3)</sup> er kveðið á um að tímabilið sem slíkt tilmæli taka til geti verið eitt til fimm ár.
- 2) Eftirlitsstofnun EFTA ber að vinna í áföngum að því að byggja upp kerfi sem nota mætti til að meta raunverulega inntöku varnarefna með fæðu, eins og kveðið er á um í öðrum málslið 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 86/362/EBE og öðrum málslið 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE. Til að slíkt mat verði raunhæft þurfa að liggja fyrir niðurstöður úr eftirliti með varnarefnaleifum fyrir nokkurn fjölda fæðutegunda sem eru uppistöðuþættir

í fæðu Evrópubúa. Almennt er talið að hér sé um að ræða 20–30 fæðutegundir. Með hliðsjón af því fé og þeim mannafla sem tiltækur er í EFTA-ríkjunum til eftirlits með varnarefnaleifum er aðeins unnt að greina sýni úr átta fæðutegundum á ári hverju samkvæmt samræmdri eftirlitsáætlun. Notkun varnarefna breytist á þriggja ára áætlunartímabilinu. Því er hæfilegt að eftirlit með hverju varnarefni nái að jafnaði til 20–30 fæðutegunda á hverju þriggja ára tímabili.

- 3) Árið 2003 ber að láta eftirlitið ná til leifa af varnarefnunum sem hér eru talin: asefat, benómýl-hópurinn, klórþýrifos, ípródíon, metamíðófos, díásínón, metalaxýl, metídatíon, tíabendasól, tríasófos, klórþýrifos-metýl, deltametrín, endósúlfan, ímasalíl, kresoxím-metýl, lambda-sýhalótrín, maneb-hópurinn, mekarbam, perimetrín, pírimífos-metýl, vinklósólín, asínfos-metýl, kaptan, klórtalóníl, díklóflúaníð, díkófol, dímetóat, folpet, malatíon, ómetóat, oxýdemeton-metýl, fórat, prósíamíðon, própýsamíð, asoxýstróbín, aldikarb, brómprópýlat, sýperimetrín, metíókarb, metómýl, paratíon og tólýflúaníð. Þar með nýtast gögnin til að meta raunverulegt magn þessara efna í fæðu, þar eð fylgst hefur verið með þessum efnasamböndum frá árinu 2001.
- 4) Nauðsynlegt er að beita kerfisbundinni tölfræðilegri aðferð til að ákveða fjölda sýna sem taka ber hverju sinni við samræmt eftirlit. Framkvæmdaráð Alþjóðlega staðlaskráráðsins fyrir matvæli (Codex Alimentarius) hefur birt lýsingu á slíkri aðferð<sup>(4)</sup>. Með tvíliðudreifingu verður niðurstaðan sú að í rannsókn með 459 sýnum eru 99% líkur á að eitt sýni komi fram með varnarefnaleifum umfram greiningarmörkin (LOD, *limit of determination*) ef 1% afurða úr jurtaríkinu inniheldur leifar umfram greiningarmörkin. Því ber að taka að minnsta kosti 459 sýni af öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Með hliðsjón af íbúafjölda og fjölda neytenda er mælst til þess að í EFTA-ríkjunum séu tekin að minnsta kosti 12 sýni úr hverri fæðutegund á ári.
- 5) Framkvæmdastjórnin hefur birt drög að leiðbeiningum um gæðaeftirlitsaðferðir við greiningu varnarefnaleifa<sup>(5)</sup>. Efnarannsóknarstofum í EFTA-ríkjunum ber að taka mið af þessum drögum að leiðbeiningum eftir því sem unnt er og skal endurskoða leiðbeiningarnar reglulega í ljósi reynslunnar af eftirlitsáætlunum.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 221, 7.8.1986, bls. 37.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 350, 14.12.1990, bls. 71.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 78, 29.3.2000, bls. 7.

<sup>(4)</sup> Codex Alimentarius, „Varnarefnaleifar í matvælum“, Róm 1994, ISBN 92-5-203271-1; 2. bindi, bls. 372.

<sup>(5)</sup> Skjalnr. SANCO/3103/2000 ([http://europa.eu.int/comm/food/fs/ph\\_pest/index\\_en.htm](http://europa.eu.int/comm/food/fs/ph_pest/index_en.htm))

- 6) Samkvæmt a-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/642/EBE og a-lið 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 86/362/EBE ber EFTA-ríkjunum að greina frá því hvaða viðmið voru notuð við gerð eftirlitsáætlunar í hverju ríki þegar þau senda Eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar um framkvæmd áætlunarinnar á næstkomandi ári. Fram skal koma hvaða viðmið voru notuð til að ákveða hversu mörg sýni skyldu tekin og hvaða greiningar skyldu fara fram, einnig skal greina frá viðmiðunarmörkunum sem notuð voru og hvernig þau mörk voru ákveðin. Tilgreina ber upplýsingar um faggildingu rannsóknarstofanna, sem annast greiningar, samkvæmt tilskipun ráðsins 93/99/EBE frá 29. október 1993 um viðbótarákvæði um opinbert matvælaeftirlit<sup>(6)</sup>.
- 7) Niðurstöður eftirlitsáætlana eru vel fallnar til rafrænnar vinnslu, geymslu og sendingar. Útbúin hafa verið gagnasnið til gagnasendingar á disklingum frá aðildarríkjum EB til framkvæmdastjórnarinnar. EFTA-ríkin gætu notað sama gagnasnið og ættu því að geta sent Eftirlitsstofnun EFTA skýrslur sínar á þessu staðalsniði. Ef gera þarf breytingar á staðalsniðinu er skilvirkasta aðferðin að semja um það leiðbeiningar.

#### AÐ EFTA-RÍKIN:

1. Taki sýni til greiningar á þeim samsetningum fæðutegunda og varnarefnaleifa sem taldar eru upp í viðauka með þessum tilmælum. Taka skal að minnsta kosti 12 sýni af hverri fæðutegund og taka tilhlýðilegt tillit til markaðshlutdeildar innlendra framleiðenda, framleiðenda á Evrópska efnahagssvæðinu og framleiðenda frá þriðju ríkjum. Jafnframt skal sérstakt eftirlit haft með samsetningunni nitrófen/hveiti með sömu sýnatökureglum.

Ef vart verður við varnarefni sem bráð hætta gæti stafað af, t.d. OP-estra, endósúlfan og N-metýlkarbamöt, skal greina hverja einstaka einingu í 10 sýnum af fæðutegundunum þrúgum, paprikum og gúrkum. Taka ber tvö sýni með hæfilegum fjölda eininga og skulu þau vera frá einum og sama framleiðanda ef því verður við komið. Ef vart verður við varnarefnið í fyrra rannsóknarsýninu skal greina hverja einstaka einingu í síðara sýninu.

Tilmælum þessum er beint til Íslands, Liechtensteins og Noregs.

Gjört í Brussel 19. júní 2003

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

*Bernd Hammermann*  
Stjórnarmaður

*Niels Fenger*  
Framkvæmdastjóri

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 290, 24.11.1993, bls. 14.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 74, 23.3.2000 og EES-viðbætur við Stjtið. EB, 23.3.2000, II. viðauki (Aðferðir við gæðaeftirlit) og III. viðauki (Vinnuskjal/Skýrslusnið).

## VIÐAUKI

Samsetningar fæðuteygunda og varnarefna sem greina ber við það tiltekna eðrlit sem mælt er fyrir um í 1. lið þessara tilmæla

Varnarefnaeifár sem greina skal	Ár		
	2003	2004 (*)	2005 (*)
Aldíkarb	(b)	(c)	(a)
Asefat	(b)	(c)	(a)
Asínfos-metýl	(b)	(c)	(a)
Asoxýstróbin	(b)	(c)	(a)
Benómýl-hópurinn	(b)	(c)	(a)
Brómprópýlat	(b)	(c)	(a)
Deltametrín	(b)	(c)	(a)
Díasínón	(b)	(c)	(a)
Díklóflúaníð	(b)	(c)	(a)
Díkófól	(b)	(c)	(a)
Dímetóat	(b)	(c)	(a)
Endósúlfan	(b)	(c)	(a)
Folpet	(b)	(c)	(a)
Fórat	(b)	(c)	(a)
Ímasalíl	(b)	(c)	(a)
Ípródíón	(b)	(c)	(a)
Kaptan	(b)	(c)	(a)
Klórtalóníl	(b)	(c)	(a)
Klórþýrifos	(b)	(c)	(a)
Klórþýrifos-metýl	(b)	(c)	(a)
Kresoxím-metýl	(b)	(c)	(a)
Lambda-sýhalotrín	(b)	(c)	(a)
Malatíón	(b)	(c)	(a)
Maneb-hópurinn	(b)	(c)	(a)
Mekarbam	(b)	(c)	(a)
Metalaxýl	(b)	(c)	(a)
Metamíðófos	(b)	(c)	(a)
Metíðatíón	(b)	(c)	(a)
Metíókarb	(b)	(c)	(a)
Metómýl	(b)	(c)	(a)
Ómetóat	(b)	(c)	(a)
Oxýdemeton-metýl	(b)	(c)	(a)
Paratíón	(b)	(c)	(a)
Permetrín	(b)	(c)	(a)
Þírímífos-metýl	(b)	(c)	(a)
Þróþýsamíð	(b)	(c)	(a)
Þróþýmíðón	(b)	(c)	(a)
Sýpermetrín	(b)	(c)	(a)
Tíabendasól	(b)	(c)	(a)
Tólýflflúaníð	(b)	(c)	(a)
Tríasófos	(b)	(c)	(a)
Vínklósólín	(b)	(c)	(a)

- (a) Perur, bananar, baunir (nýjar eða frystar), kartöflur, gulrætur, appelsínur/mandarínur, ferskjur/nektarínur, spinat (nýtt eða fryst).  
 (b) Blómkál, paprikur, hveiti, eggaldín, hrísgrjón, þrúgur, gúrkur, ertur (nýjar eða frystar, án belgja).  
 (c) Epli, tómatar, salat, jarðarber, blaðlaukur, appelsínusafi, hvítkál, rúgur/hafrar.  
 (\*) Til bráðabirgða fyrir árin 2004 og 2005 með fyrirvara um áætlunir um þessi ár.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3191 – Philip Morris/Papastratos)

2003/EES/45/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. september 2003 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 <sup>(2)</sup>, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið Philip Morris Holland BV (PM), sem tilheyrir svissneska fyrirtækinu Philip Morris International Inc. (Philip Morris), systurfyrirtæki bandarísku samsteyppunnar Altria Group, Inc. (Altria), öðlast með hlutfjárkaupum yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir öllu gríska fyrirtækinu Papastratos Cigarette Manufacturing SA (Papastratos).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - PM: dótturfyrirtæki Philip Morris
  - Philip Morris: framleiðir og selur vindlinga
  - Altria: móðurfyrirtæki Kraft Foods, Philip Morris International, Philip Morris USA og Philip Morris Capital Corporation
  - Papastratos: framleiðir og dreifir vindlingum, fyrst og fremst í Grikklandi og Rúmeníu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Endanlegri ákvörðun um þetta hefur þó verið frestað.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 212 hinn 6. september 2003. Athugasemdirnar má senda um bréfasíma ((32) 22 96 43 01 eða (32) 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3191 – Philip Morris/Papastratos, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál nr. COMP/M.3241 – Arla/Nordzucker/JV)****2003/EES/45/05****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. september 2003 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 <sup>(2)</sup>, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem danska fyrirtækið Arla foods Ingredients amba (AFI), sem tilheyrir dönsku samsteypunni Arla Foods amba (Arla) og þýska fyrirtækið Nordzucker AG (Nordzucker) öðlast í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir þýska fyrirtækinu Sweetgredients GmbH & Co. KG (Sweetgredients), sem er nú í einkaeigu Nordzucker, með kaupum á hlutafé og öðrum eignum þannig að til verður samáhættufyrirtæki.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Arla: framleiðir mjólkurvörur fyrir markaði víða um heim
  - AFI: framleiðir og selur hvítuþykki úr mysu, mjólkurduft, ostduft, mjólkursykur og mjólkurhvítu
  - Nordzucker: framleiðir og selur sykur og sætuefni
  - Sweetgredients: framleiðir og selur sætuefni af nýrri tegund, D-tagatósa, sem er unnið úr afurðum sem falla til við ostagerð
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Endanlegri ákvörðun um þetta hefur þó verið frestað. Rétt er að hafa í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(3)</sup>.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 214 hinn 9. september 2003. Athugasemdirnar má senda um bréfasíma ((32) 22 96 43 01 eða (32) 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3241 – Arla/Nordzucker/JV, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál nr. COMP/M.3269 – Phoenix/Tamro)**

2003/EES/45/06

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. ágúst 2003 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 <sup>(2)</sup>, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Phoenix International Beteiligungs GmbH, sem tilheyrir Phoenix-samsteypunni, öðlast með hlutabréfakaupum yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir öllu finnska fyrirtækinu Tamro Oyj.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Phoenix: selur lyf og tengda þjónustu í heilidsölu
  - Tamro: selur lyf og tengda þjónustu í heilidsölu í Norður-Evrópu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Endanlegri ákvörðun um þetta hefur þó verið frestað. Rétt er að hafa í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(3)</sup>.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 214 hinn 9. september 2003. Athugasemdirnar má senda um bréfasíma ((32) 22 96 43 01 eða (32) 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3269 – Phoenix/Tamro, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

**Heimildir til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 87. og 88. gr. EB-sáttmálans****2003/EES/45/07**

Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað styrki franskra stjórnvalda til vatnsverndarverkefna, ríkisaðstoð nr. N 493/02, sjá Stjtið. ESB C 120, 22.5.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað styrki franskra stjórnvalda til vatnsmengunarvarna, ríkisaðstoð nr. N 497/02, sjá Stjtið. ESB C 120, 22.5.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað styrki sænskra stjórnvalda til raforkuframleiðslu með endurnýjanlegum orkulindum, ríkisaðstoð nr. N 789/02, sjá Stjtið. ESB C 120, 22.5.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað styrki danskra stjórnvalda til að yfirfæra og selja á markaði niðurstöður nýrra danskra og fjölþjóðlegra rannsókna og þróunarstarfs, ríkisaðstoð nr. N 76/02, sjá Stjtið. ESB C 120, 22.5.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað styrkjakerfi breskra stjórnvalda í þágu útflutnings- og auglýsingastarfs og matvælaframleiðslu í héraði, ríkisaðstoð nr. N 658/02, sjá Stjtið. ESB C 126, 28.5.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað leiðbeiningar þýskra stjórnvalda um veitingu ríkisstyrkja til að bæta tjon af völdum veðurs í Rheinland-Pfalz, ríkisaðstoð nr. N 116/B/02, sjá Stjtið. ESB C 127, 29.5.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað styrki þýskra stjórnvalda til Solar World AG, ríkisaðstoð nr. N 712/02, sjá Stjtið. ESB C 127, 29.5.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað styrki breskra stjórnvalda til samstarfsverkefna um rannsóknir og þróun, ríkisaðstoð nr. N 761/02, sjá Stjtið. ESB C 127, 29.5.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað skattaafslátt franskra stjórnvalda til stuðnings fjárfestingum á Korsíku, ríkisaðstoð nr. N 9/03, sjá Stjtið. ESB C 129, 29.5.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað framlengingu á tímabundnu styrkjakerfi franskra stjórnvalda í þágu fyrirtækja í sýslunni Tarn sem þurft hafa að kljást við óveður og oliubrák, ríkisaðstoð nr. NN 86/02, sjá Stjtið. ESB C 127, 29.5.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað styrkjakerfi austurrískra stjórnvalda með heitinu „Áhættufjármagnssjóður fyrir sambandsríkið Steiermark“, ríkisaðstoð nr. N 403/02, sjá Stjtið. ESB C 138, 13.6.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað styrkjakerfi ítalskra stjórnvalda til að hvetja lítil og meðalstór fyrirtæki til fjárfestinga á sviði umhverfisverndar og orkusparnaðar, ríkisaðstoð nr. N 102/02, sjá Stjtið. ESB C 143, 19.6.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað styrkjakerfi franskra stjórnvalda með heitinu ADEME á sviði samganga, ríkisaðstoð nr. N 353/01, sjá Stjtið. ESB C 143, 19.6.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað styrki franskra stjórnvalda til almennra rannsókna á vatnsstjórnun og ráðstafana til að verjast vatnsmengun, ríkisaðstoð nr. N 492/02, sjá Stjtið. ESB C 143, 19.6.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað styrki þýskra stjórnvalda til bjargar fyrirtækinu BBP Service GmbH, ríkisaðstoð nr. N 703/B/02, sjá Stjtið. ESB C 143, 19.6.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað byggðastyrkjakerfi írskra stjórnvalda í þágu ferðaþjónustufyrirtækja, ríkisaðstoð nr. NN 118/2000, sjá Stjtið. ESB C 143, 19.6.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað styrkjakerfi spænskra stjórnvalda í þágu gas- og raforkudreifingar-fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. NN 112/02, sjá Stjtið. ESB C 145, 21.6.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað styrkjakerfi ítalskra stjórnvalda í þágu uppbyggingar á iðn- og handverksfyrirtækjum, ríkisaðstoð nr. N 248/02, sjá Stjtið. ESB C 145, 21.6.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað styrkjakerfi ítalskra stjórnvalda í þágu útgáfufyrirtækja á Sikiley, ríkisaðstoð nr. N 268/02, sjá Stjtið. ESB C 145, 21.6.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað styrkjakerfi þýskra stjórnvalda í þágu stuðningsáætlunar í sambandsríkinu Brandenburg, ríkisaðstoð nr. N 535/02, sjá Stjtið. ESB C 145, 21.6.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð austurrískra stjórnvalda í mynd sjóðs sem leggur fram hlutafé til uppbyggingar á litlum og meðalstórum fyrirtækjum í Burgenland, ríkisaðstoð nr. N 677/02, sjá Stjtið. ESB C 145, 21.6.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað styrki finnskra stjórnvalda til orkuvera, ríkisaðstoð nr. N 74/B/02, sjá Stjtið. ESB C 148, 25.6.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað styrkjakerfi grískra stjórnvalda í þágu hliðarfyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 412/02, sjá Stjtið. ESB C 148, 25.6.2003.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað styrki portúgalskra stjórnvalda til fyrirtækja sem ráða starfsmenn með framhaldsháskólamenntun, ríkisaðstoð nr. N 491/02, sjá Stjtið. ESB C 148, 25.6.2003.
